# Virðing

## ágúst – september – október

***Íhugunaratriði*** :

-Virðing er að vera sátt við sjálfa sig

-Virðing er að vera góður vinur

-Virðing er að fara vel með hluti

-Virðing er að hlusta á aðra

-Virðing er að koma vel fram við aðra

-Virðing er að standa með sjálfum sér

***Markmið :***

-Að efla sjálfsvirðingu barna

-Að auka þekkingu barna á virðingu

-Að kenna börnum virðingu í leik og samskiptum

***Við leggjum áherslu á virðingu með því að***

-Efla sjálfstraust barnanna með því að hjálpa þeim að finna sínar sterku hliðar
-Bjóða góðan dag og kveðja með nafni
-Tala fallega til hvors annars
-Vera kærleiksrík við fólk og dýr
-Virða skoðanir hvors annars
-Virða líkama okkar og fara í jóga og rækta líkama og sál
-Vinna með Barnasáttmálann
-Hlúa vel að vinum okkar
-Hrósa hverju öðru fyrir vel unnin störf
-Hugsa vel um náttúruna og flokka

***Deilum gildum okkar til að skapa betri heim***

***Söngvar og þulur:***

-Álfaheiði
-Við erum dropar
-Haustvísa
-Vinur minn (það er skemmtilegast að leika sér)
-Regnboginn

***Sögur og leikir***:

-Hanna hlébarði
-Depill
-Lífsmenntabækur Steinunnar
-Sagan af skessunni sem leiddist

***Umræður:***

-Hvað þýðir virðing?
-Hvernig sýnum við virðingu í leikskólanum eða heima?
-Hvenær líður ykkur vel með ykkur sjálf?
-Hvernig komum við vel fram við aðra?
-Hvernig sýnum við virðingu þegar við tölum við aðra?
-Hvernig sýnum við virðingu þegar við hlustum?

***Að tengja lífsgildin daglegu starf***

-Við göngum vel um leikföng og leikskólann okkar
-Við búum til sultu á haustin úr berjum í garðinum okkar
-Við endurnýtum efnivið í myndlist og sköpun
-Við segjum *„gjörið svo vel"*, *„takk fyrir"* og *„má bjóða þér…"* við matarborðið
-Í fataherberginu segjum við *„viltu hjálpa mér?"*
-Við tökum vel á móti nýjum börnum og foreldrum
-Dagur íslenskrar náttúru 16. september.

Leikskólinn Álfaheiði 2024